

**Mál nr. 394/2012**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A**

**Ekið aftan á bifreið í Faxafeni við Réttarholtsveg, líkamstjón, orsakatengsl þ. 27.4.2011.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11.
2. Bréf V dags. 24.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M segir málsatvik hafa verið þau að hún hafi verið í bifreið sinni á gatnamótum Faxafens og Réttarholtsvegar þegar A ók aftan á bifreið hennar og leitaði M á bráðamóttöku Landsspítalans daginn eftir vegna verkja í hálsi. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tognunar á baki sem hún telur sig hafa hlotið við áreksturinn og vísar til framlagðra vottorða lækna o.fl. því til stuðnings og jafnframt þess að hún hafi verið heilsuhaust fyrir áreksturinn. Þá mótmælir M málatilbúnaði V í málinu og telur hann rangan. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið færðar sönnur á að orsakatengsl séu til staðar á milli árekstursins og þeirra eymsla sem M kvartar yfir. Þá vísar V til skýrslu Aksturs og öryggis ehf. varðandi höggþyngd á bifreið M við áreksturinn. Þá vísar V til þess að tjónþoli verði að sanna tjón sitt, en það hafi M ekki gert í þessu tilviki.

**Álit.**

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbandingu um málsatvik. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegru einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 23.10 2012.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.